

## XVII. Tillaga til 400. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 1. júní 2017

Tillaga 976. fundar bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, sem haldinn var 29. maí sl., um umsögn Ísafjarðarbæjar um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða.

### 16. **Mótmæli gegn frumvarpi til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 408. mál - 2017040044**

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur, f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 16. maí sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 408. mál. Umsagnarfrestur er til 2. júní nk. Jafnframt er lagður fram tölvupóstur Aðalsteins Óskarssonar, f.h. Fjórðungssamband Vestfirðinga, dagsettur 26. maí sl., ásamt umsögnum um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 408. mál.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að undirbúa umsögn Ísafjarðarbæjar um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða og leggja fyrir bæjarstjórn.*

Tillaga bæjarstjóra að umsögn Ísafjarðarbæjar um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 408. mál.

Ísafjarðarbær telur að skipulagsvald yfir strandsvæðum ætti að fela sveitarfélögum og skilja það þannig frá skipulagsvaldi yfir hafsvæðum sem ætti að vera á hendi ríkisvaldsins. Slíkt fyrirkomulag er í eðlilegu og nauðsynlegu samhengi við skipulagsvald sveitarfélaga og styrkir um leið staðbundna sjálfbæra samfélagsþróun, náttúruvernd, atvinnulíf, og atvinnuþróun.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum fer forgörðum kjörið tækifæri til valdeflingar sveitafélaga og eflingu þátttökulyðræðis. Það gæti orðið mikill drifkraftur í því verkefni að móta stefnu um skipulag strandsvæða ef frumkvæði heimamanna væri virkjað með því að færa þeim verkefnið. Búast má við að lærdómsferli íslensks samfélags yrði hraðara þegar fjölmörg sveitarfélög nálgast verkefnið á mismunandi forsendum en þó á sama grunni og unnið er að skipulagi í dag.

Í samfélaginu er mikil umræða um aukið íbúalýðræði. Nærtæk leið til að auka íbúalýðræði er að beina því m.a. í gegnum þann farveg sem nefndir sveitarfélaga og skipulagslög hafa þegar búið til. Metnaðarfull sveitarfélög hafa, undir eftirliti Skipulagsstofnunar, gert vandaðar skipulagsáætlanir á borð við aðalskipulag sveitarfélaga. Slík vinna er bæði samfélagslega eflandi og lýðræðisleg.

Víða um heim eru strandsvæðin innan einnar sjómílu utan við grunnlínu á skipulagsvaldi sveitarfélaga – þannig er það í Noregi. Í Svíþjóð og Finnlandi eru skipulagsmörk sveitarfélaga 12 sjómílu utan grunnlínu. Að auki miðast Vatnatilskipun Evrópusambandsins við eina sjómílu utan við grunnlínu. Það er tæpast nokkur ástæða til þess fyrir Íslendinga að halda í flókna og svifaseina miðstýringu að svo miklu leyti sem hægt er að greiða úr málum með

skipulagsvaldi sveitarfélaga og því íbúalýðræði sem því fylgir. Gera má ráð fyrir að skipulagsmál yrðu skilvirkari, heildstæðari og einfaldari ef skipulagsvald á strandssvæðum yrði fært til sveitarfélaga.

Lágmarksbreytingar til þess að frumvarpið geti orðið að lögum í sátt telur Ísafjarðarbær að séu eftirfarandi:

- a) Að kveðið yrði á um að stefnt skuli að tilraunum með að færa vald yfir strandsvæðaskipulagi til sveitarfélaga, jafnvel þó að á öðrum stöðum verði svæðisráð rekin samhliða. Sveitarfélög á Austfjörðum og Vestfjörðum liggja sennilega best við þessari tilraun þar sem mikil umræða hefur farið fram á þeim svæðum um þessi mál og góð reynsla komin á skipulagsferli og áætlanir.
- b) Að í svæðisráði sem kveðið er á um í frumvarpinu hafi aðliggjandi sveitarfélög aukið vægi í svæðisráðinu auk þess sem sveitarfélögin hafi neitunarvald líkt og fulltrúar þeirra fimm ráðuneyta sem koma að svæðisráðinu.
- c) Í frumvarpinu kemur fram „Við vinnslu frumvarpsins kom skýrt fram að brýnt væri að vinna sem fyrst strandsvæðisskipulag fyrir Vestfirði sökum mikillar eftirspurnar þar“ Mikil eftirspurn og áform eru um laxeldi á Austfjörðum og því mikilvægt að farið verði strax í samskonar vinnu á Austfjörðum og kveðið er á um í frumvarpinu að verði á Vestfjörðum.